



Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins



Að byrgja brunna
Mikilvægi markvissrar kennslu í
félagsfærni á leikskólaárum
Helga Kristinsdóttir sálfræðingur
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Tíðni

- Rannsóknir benda til að um 40% barna og unglunga með þroskahömlun eigi við geðræna erfiðleika að stríða en þetta er 3 til 4 sinnum meiri áhætta en hjá öðrum börnum (Mazzucchelli og Sanders, 2011)
- Tíðni hegðunar- tilfinninga- og félagslegra erfiðleika hjá börnum með þroskafrávik er talin vera 30%-60% (Kleefman og félagar, 2011)



Tíðni

- Tíðni vægra eða miðlungs alvarlegra hegðunarerfiðleika hjá börnum er talin vera um 10%-15% (Powell og félagar, 2006)
- Hjá börnum með þroskafrávik er talað um að 21% uppfylli greiningarviðmið fyrir ákveðna hegðunarröskun (Powell og félagar, 2006)



Erfiðleikar til langframa

- Mörg börn sýna erfiða hegðun á einhverjum tímamarki í leikskóla og vaxa síðan út úr því áður en í grunnskóla kemur
- Stór hópur virðist hins vegar sitja uppi með þessi vandamál sem síðan leiðir til náms- og félagslegra erfiðleika í grunnskóla
- Leikskólabörn sem eru greind með hegðunarröskun sýna ennþá alvarlega hegðunarerfiðleika 4 árum síðar

(Powell og félagar, 2006)



Erfiðleikar til langframa

- Áhyggjur foreldra varðandi grunnskólaárin beinast oft að erfiðleikum í félagslegum samskiptum
- Hegðunar- og tilfinningalegir erfiðleikar hafa gríðarlega neikvæð áhrif á allt nám og hafa áhrif á streitu foreldra, samnemenda og kennara



Íhlutun í æsku?

- Þessi háa tíðni tilfinningalegra- hegðunar- og geðrænna erfiðleika hjá börnum og unglingum með þroskafrávik vekja upp margar spurningar
- Er hægt að koma í veg fyrir þessa erfiðleika?
- Snemmtæk íhlutun?



Íhlutun í æsku?

- Leikskólaárin eru mikilvægur tími til að vinna í hagin, vera með markvissa íhlutun til að efla félags- og tilfinningaþroska
- Leikskólabörn eru að byrja að þróa vinskap og prófa sig áfram með samskiptaleik og félagsfærni
- Jákvæð upplifun af leikfélögum eru grundvöllur góðra samskipta við jafnaldra þegar í grunnskóla kemur



Margir þroskaþættir

- Mikilvægt að horfa ekki á félags- og tilfinningaþroska sem eitthvað algjörlega óháð öðrum þroska
- Félagsleg samskipti fela t.d. í sér ákveðna hreyfifærni, mállega færni og vitsmunaprofka



Samskipti við jafnaldra

- Samskipti við jafnaldra gera kröfur um margskonar færni sem þróast yfirleitt á fyrstu þremur árum ævinnar
- Á leikskólaárum læra börn að leika saman, fyrst hlið við hlið og síðan í samskiptaleik sem þróast síðan og verður flókin og margþátta
- Fyrir flest börn dugar gott leikskólaumhverfi til að þau læri samskipti og leik



Samskipti við jafnaldra

- Lengi vel var talið að nægjanlegt væri að setja börn með þroskafrávik í almenna leikskóla til að kenna þeim leik og félagsleg samskipti
- Það hefur hins vegar komið fram í rannsóknum að svo einfalt er þetta ekki (Guralnick, 2010)
- Ljóst að fyrir börn með þroskafrávik þarf markvissa íhlutun á þessu sviði



Samskipti við jafnaldra

- Sýnt hefur verið fram á tengsl á milli færni í félagslegum samskiptum og leik á leikskólaaldri og félagsfærni síðar á ævinni
- Markviss þjálfun í leik og samskiptum virðist hafa áhrif á aðra þroskaþætti
- Börn sem áttu ekki leikfélaga í leikskóla, áttu heldur ekki leikfélaga við 10 ára aldur

(Hay, 2005)



Samskipti við jafnaldra

- Orsakasamhengið er ekki ljóst. Eru það erfiðleikarnir í byrjun sem valda vandamálum síðar meir eða eru undirliggjandi þættir
- Leikfélagar í leikskóla virðast skipta meira máli en áður var talið og samskipti á þeim aldri eru grundvöllur góðra samskipta síðar á ævinni
- Það hefur einnig verið sýnt fram á tengsl á milli félagsfærni í leikskóla og t.d. lestrarfærni síðar
(Manz og McWayne, 2004)



Samskipti við jafnaldra

- Börn með þroskafrávik eiga t.d. erfitt með að viðhalda leik, leysa úr ágreiningi og komast inn í hópinn
- Þau átta sig ekki á hvernig á að hegða sér í ákveðnum aðstæðum og eiga erfitt með að lesa í aðstæður



Samskipti við jafnaldra

- Á leikskólaárunum virðist sem tíðni samskipta barna með þroskafrávik, aukist en það á bæði við um jákvæð og neikvæð samskipti
- Ekki aukning í gæðum eða að um eðlilega þróun sé að ræða í samskiptum
- Flest þessara vandamála fylgja börnunum upp í grunnskólann



Samskipti við jafnaldra

- Í rannsókn Guralnick og féлага (2006) eru skilgreindir sérstaklega þrír þættir sem börn með þroskahömlun eiga í erfiðleikum með þegar kemur að félagslegum samskiptum við jafnaldra:
 - a) Að komast inn í leik
 - b) Leysa úr ágreiningi
 - c) Viðhalda leik



Kenna færni

- Í leikskóla þarf að leggja áherslu á eftirfarandi færni hjá börnum með þroskafrávik:
 - a) Að skiptast á, deila leikföngum og bregðast við leikfélögum á jákvæðan hátt
 - b) Mál- og samskiptafærni, frumkvæði að leik, bregðast við spurningum jafnaldra, spyrja spurninga og biðja önnur börn um að leika
 - c) Átta sig á eigin tilfinningum og annarra, ná að stjórna eigin viðbrögðum
 - d) Hafa stjórn á reiði og ná að semja og leysa ágreining við jafnaldra

(Bierman og Erath, 2004)



Leikurinn

- Margir vilja meina að mikilvægi leikskólaáranna varðandi félagsfærni hafi ekki verið metið sem skildi og að leikurinn hafi ekki verið metinn að verðleikum sem íhlutunarleið
- Í námskrá leikskóla segir: “Leikur getur verið bæði markmið og leið í leikskólastarfi. Þegar leikur er nýttur sem leið eru sett fram ákveðin markmið sem ætlunin er að ná í gegnum leikinn”



Leikurinn

- Sumir fræðimenn gagnrýna íhlutun í leikskóla, vilja meina að við séum að einblína of mikið á námslega færni
- Vilja leggja áherslu á að nota leikinn sem aðferð og benda á tengsl leiks og námslegrar færni síðarmeir
- Þurfum bæði að kenna leik og einnig að nota leikinn sem aðferð



Leikurinn

- Mikilvægt að hafa góða þekkingu á þróun leiks hjá börnum og ólíkum tegundum leiks
- Börn með þroskafrávik sýna ákveðna erfiðleika í leik sem nauðsynlegt er að kortleggja ítarlega til að vinna markvisst
- Almennt sýna t.d. börn með þroskafrávik sjaldnar samskiptaleik en önnur börn



Byrja snemma

- Það er ljóst að við þurfum að beina sjónum að félagsfærni barna með þroskafrávik mun fyrr en við höfum e.t.v. verið að gera
- Vandamál í félagslegum samskiptum virðast hafa afar neikvæð áhrif á félags- og tilfinningalegan þroska síðar meir og því mikilvægt að vera með markvissa íhlutun nógu snemma



Byrja snemma

- Leikfélagar skipta mun meira máli fyrr á lífsleiðinni en margir hafa talið
- Fyrstu tvö til þrjú árin í leikskóla skipta miklu máli varðandi félagsleg samskipti síðar í leikskóla og í grunnskóla
- Góð tengsl við leikfélaga í leikskóla virðist vera verndandi þáttur varðandi geðræna erfiðleika síðar

(Hay, 2005)



Hegðun

- Þurfum einnig að beina sjónum okkar að hegðun
- Skipulagið í leikskólanum skiptir máli, t.d. að skoða biðtíma
- Frjáls leikur og óskipulagðar stundir



Hegðun

- Hvað með hegðunarráðgjöf?
- Erum við of fljót að setja inn lyf?
- Hvaðan á hegðunarráðgjöf að koma?
- Fyrir börn með þroskafrávik þarf oftast nær sérhæfða ráðgjöf
- Þurfum öflug “hegðunarteymi”



Íhlutun í æsku

- Margt sem við þurfum að bæta í okkar vinnu
- Margt sem þarf að endurskoða
- Margt sem vel er gert

